

7. fundur Háskólaráðs Landbúnaðarháskóla Íslands var haldinn miðvikudaginn 16. febrúar 2005 kl. 16.00 í fundarsal landbúnaðarráðuneytisins.

Þessir sátu fundinn.

Allir háskólaráðsmenn voru mættir til fundar nema Ari Teitsson sem var erlendis. Varamaður Ara, Anna Sólveig Jónsdóttir, komst ekki til fundar vegna óveðurs.

Þetta var gert.

1. Afgreiðsla fundargjörðar.

Fundargjörð 6. fundar lögð fram og samþykkt með þeim fyrirvara að greint verði frá heiti einstakra dagskrárliða, sbr. bókun á 5. fundi.

2. Þróun mála frá síðasta fundi.

Rektor greindi frá framvindu mála frá síðasta fundi. Varðandi ráðningu starfsmanna kom fram að lokið er að mestu gerð ráðningarsamninga við starfsmenn en allir fyrrverandi starfsmenn LBH, RALA og Garðyrkjuskólans þáðu starf hjá LBHÍ utan einn sem hafði ákveðið að hætta. Þrír ákváðu að fara á biðlaun og tveir fóru í eins árs orlof og koma til starfa að því loknu. Unnið er að gerð stofnanasamninga við stéttarfélag starfsmanna. Ólafur Arnalds tók fram að rektor hefði unnið ötullega að farsælli lausn á málefnum starfsmanna. Fram kom að unnið er að gerð fjárhagsáætlunar fyrir hina nýju stofnun. Nokkur uppsafnaður halli er vegna reksturs þeirra stofnana sem nú mynda LBHÍ. Rektor greindi frá því að yfirstjórn skólans haldi vikulega fundi en hana skipa auk rektors yfirmenn deilda og sviða, þau Ólafur Arnalds, Áslaug Helgadóttir, Björn Þorsteinsson, Guðrún Helgadóttir og Þorvaldur T. Jónsson. Unnið hefur verið að endurskipulagningu stofnunarinnar og starfsins úti á starfsstöðvunum. Í undirbúningi er kynningarblað um skólann sem birtast mun sem fylgirit með Morgunblaðinu í marsmánuði. Í tilefni af fyrirspurn frá Jóni Torfa upplýsti rektor að ekki hefði enn unnist tími til að huga mikið að framtíðar uppbyggingu á starfsstöðvunum, en stjórnendur skólans myndu á næstu mánuðum huga að því verkefni.

3. Starfsreglur fyrir LBHÍ.

Fram var haldið umfjöllun um starfsreglur skólans þar sem frá var horfið á síðasta fundi. Nokkur umræða varð um orðalag á upphafi 16. gr. þar sem fjallað er um starfsmenn en bent var á að meðal sérfræðinga sem til greina kæmi að störfuðu við skólann væru fleiri starfsstéttir en náttúrufræðingar t.d. hagfræðingar. Orðalag greinarinnar var því orðuð almennar til að taka tillit til þessa. Fram kom að V. kafli samþykktanna, sem fjallar um nemendur, kennslu og próf, er í endurskoðun. Að lokinni ítarlegri umræðu voru starfsreglurnar samþykktar samhljóða. Samkomulag er um það í háskólaráði að starfsreglurnar þurfi að endurskoða að fenginni reynslu og eigi síðar en að tveim árum liðnum.

4. Afgreiðsla tillögu sem frestað var á síðasta fundi.

Flutningsmaður tók fram, að þar sem mjög vel hefði til tekist með samruna þeirra þriggja stofnana sem mynda LbhÍ, teldi hann ekki ástæðu til þess að fylgja tillögunni eftir og dró hana til baka. Ráðsmenn voru sammála um að mikilvægt væri að tryggja sem best flæði upplýsinga um starf skólans til hinna ýmsu greina innan landbúnaðarins.

5. Önnur mál.

a) Rætt um skipan dómnefndar skv. 27. gr. búfræðslulaga nr. 57/1999. Rektor falið að undirbúa málið fyrir næsta fund.

b) Ólafur Arnalds greindi frá umræðum um námsbrautir skólans. Fram hafa komið hugmyndir um nýja braut á sviði almennrar náttúrufræði og umhverfisfræði auk hugmynda um breytingar á skógræktar- og landnýtingarbrautum. Fram kom að þessi skipan námsbrauta kallar ekki á róttækar breytingar á kennslukröftum skólans.

c) Rektor greindi frá því að undirritaður hefði verið samstarfssamningur við fyrirtækið Orf –líftækni.

e) Ólafur Arnalds, sem verið hefur fulltrúi starfsmanna skólans í háskólaráði, lætur nú af störfum í ráðinu. Rektor þakkaði honum farsælt starf innan ráðsins tóku aðrir háskólaráðsmenn undir það.

f) Rektor kynnti nýútkomið námsefni fyrir meindýraeyða og að formaður félags þeirra hefði sýnt áhuga á samstarfi við LBHÍ um fræðslu á því sviði.

f) Næsti fundur ákveðinn í húsakynnum skólans á Keldnaholti hinn 16. mars.

Fleira ekki gert. Fundi slitið.